



Skíðaping 2019

haldið í Ólafsfirði 24.-25.maí

ÞINGSKJAL nr. 4

Tillaga að breytingu á lögum SKÍ

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

Ný lagabreyting – Skv. lögum SKÍ þarf samþykki 2/3 hluta þingfulltrúa til þess að þingið getið tekið breytinguna fyrir.

Var:

5. grein

Skíðaping skal halda í maí annað hvert ár. Boða skal til þess með auglýsingu og/eða tilkynningu með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda aðildarfélögum SKÍ. Málefni sem taka á fyrir á þinginu skulu berast stjórn SKÍ í síðasta lagi þremur vikum fyrir þingið. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda aðildarfélögum skriflegt fundarboð; síðara fundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Tillögur um breytingar á lögum skulu berast stjórn SKÍ fyrir 1.október fyrir næsta þing til að geta hlotið umfjöllun á Skíðapingi. Tillögur skulu kynntar aðildarfélögum fyrir 1.nóvember. Þingið getur þó tekið fyrir mál borin upp með skemmri fyrirvara að fengnu samþykki $\frac{2}{3}$ hluta þingfulltrúa.

Verður:

5. grein

Skíðaping skal halda í **október á hverju ári**. Boða skal til þess með auglýsingu og/eða tilkynningu með minnst eins mánaðar fyrirvara. Fundarboð skal senda aðildarfélögum SKÍ. **Laga- og reglugerðarbreytingar ásamt öðrum málefnum** sem taka á fyrir á þinginu skulu berast stjórn SKÍ í síðasta lagi þremur vikum fyrir þingið. Eigi síðar en tveimur vikum fyrir þingið skal senda aðildarfélögum skriflegt fundarboð; síðara fundarboð, með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið. Þingið getur þó tekið fyrir mál borin upp með skemmri fyrirvara að fengnu samþykki $\frac{2}{3}$ hluta þingfulltrúa.

*Ef lagabreyting er samþykkt:

- Hefðbundinn haustfundur 2019, skíðaping haustið 2020, skíðaping með næstu kosningu haustið 2021.
- 17.liður í 8.grein fellur út. Það er of seint að gefa út í október hverjir fá stóru mótin. Yrði að gefa út í maí/júní eftir stjórnarfund.
- 12.grein fellur út í heild sinni og aðrar greinar eftir hana taka þá upp nýtt númer (13.grein verður 12.grein o.s.frv.).

Rökstuðningur:

- *Vorin eru oft þétt setin af viðburðum og reynslan hefur sýnt okkur að forystufólk aðildarfélaga SKÍ hefur mætt verr á vofundi SKÍ heldur en haustfundi undanfarin ár. Því leggur stjórn til að skíðaping verði árlegt á haustin og myndi þá sameinast haustfundi. Í framtíðinni yrði þá einungis einn formlegur fundur á ári hjá SKÍ á haustin. Þó yrði áfram tveggja ára seta stjórnar- og nefndarmanna þrátt fyrir að þingið væri á hverju ári.*

Vísað til: Alpagreinanevndar Skíðagöngunefndar Snjóþrettanefnd Allsherjanefnd

Afgreiðsla: Samþykkt Fellt